

**Fundargerð 6. fundar
Íþróttá- og tómstundaráðs
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
22. október 2019 , kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Fríða Stefánsdóttir, Heiðrún Tara Stefánsdóttir, Jón Ragnar Ástþórsson, Davíð S. Árnason, Ægir Þór Lárusson, Erla Jóhannsdóttir, Heiðrún Þóra Aradóttir og Rut Sigurðardóttir.

Fundargerð ritaði: Rut Sigurðardóttir, starfsmaður.
Ægir Þór Lárusson boðaði forföll.

Guðrún Björg Sigurðardóttir sem gestur fundar.

1. Kjörnar nefndir: erindisbréf - 1808028

Erindisbréf Íþróttá- og tómstundaráðs lagt fram til samþykktar. Erindisbréf Ungmennaráðs lagt fram til umsagnar. Íþróttá og tómstundaráð fór yfir drög að erindisbréfi ungmennaráðs frá bæjarráði sem og tillögu að nýju erindisbréfi frá deildarstjóra frístundamála.

Afgreiðsla: Íþróttá- tómstundaráð samþykkir drög að breytingum á erindisbréfi íþróttá- og tómstundaráðs. Íþróttá- og tómstundaráð styður breytingar á erindisbréfi ungmennaráðs sem deildarstjóri frístundamála lagði fram. Málinu vísað til bæjarráðs til samþykktar.

2. Íþróttamaður ársins - 1811002

Reglur vegna kjörs á Íþróttamanni ársins í Suðurnesjabæ lagðar fram til endurskoðunar.

Afgreiðsla: Íþróttá- og tómstundaráð samþykkir reglurnar og vísar þeim til bæjarstjórnar til samþykktar.

3. Heilsueflandi Samfélag - 1806427

Afgreiðsla: Íþróttá og tómstundaráð telur mikilvægt að Suðurnesjabær taki þátt í verkefninu Heilsueflandi samfélag. Í Heilsueflandi samfélagi er heilsa og líðan allra íbúa í fyrirrúmi í allri stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum og allir hafa hlutverk. Minnisblaðinu er vísað til bæjarráðs til samþykktar

4. Íþróttá- og afrekssjóður Suðurnesjabæjar - 1907069

Lögð fram drög að reglum og umsóknareyðublaði varðandi íþróttá- og afrekssjóð Suðurnesjabæjar.

Afgreiðsla: Íþróttá- og tómstundaráð samþykkir drög af reglum fyrir Íþróttá- og afrekssjóð Suðurnesjabæjar og vísar málinu til bæjarstjórnar til samþykktar.

5. Starfsáætlanir frístundadeild 2020 - 1907045

Starfsáætlanir frístundadeild lagðar fram.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

6. Samstarfssamningar félagasamtök - 1901039

Samstarfssamningar fyrir árið 2019 við Knattspyrnufélagið Víði, Knattspyrnudeild Reykis, Golfklúbb Sandgerðis, og Íþróttafélagið Nes lagðir fram. Rætt var um samningana og komandi samningagerð.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar

7. Knattspyrnufélagið Víðir ársreikningur 2018 - 1910026

Ársreikningur Knattspyrnufélagsins Víðis fyrir árið 2018 lagður fram.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

8. Stefnumótun í íþróttamálum 2019-2030 - 1905038

Stefnumótun Mennta- og menningarmálaráðuneytisins í íþróttamálum lögð fram.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

9. Sumarstörf 2019 - 1902089

Skýrsla vegan vinnuskólans 2019 lögð fram. Deildarstjóri frístundamála fer yfir sumarstarfið almennt.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

10. Heilsuefling eldri borgara - 1806397

Framboð kynnt á hreyfingu- og heilsueflingu fyrir eldri borgara í Suðurnesjabæ.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

11. Forvarnarhópurinn Sunna - 1809010

Fundargerðir forvarnarhópsins Sunnu lagðar fram.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar

12. Lýðheilsugöngur 2019 - 1907056

Verkefnið lýðheilsugöngur sem sveitarfélagið tók þátt í september kynnt.

Afgreiðsla: Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 18:00.

Fríða Stefánsdóttir

Heiðrún Tara Stefánsdóttir

Jón Ragnar Ástþórsson

Davíð S. Árnason

Ægir Þór Lárusson

Erla Jóhannsdóttir

Heiðrún Þóra Aradóttir